

BRÁÐABIRGÐALÖG

70

6. júní

um bann gegn stöðvun eða hindrun millilandaflugs íslenzkra flugvéla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að komið hafi til stöðvunar á starfsemi þeirra tveggja íslenzku flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi á erlendum flugleiðum, vegna stöðvunar á benzínafgreiðslu og annarri vinnu hjá félögum þessum, sakir verkfalla þeirra, sem nú eru hafin.

Verði framhald á þessu og flugfélögin þannig neydd til að fella niður alla starfsemi sína, jafnvel um langan tíma, mundi það valda þeim stórkostlegu tjóni og væri rekstrargrundvelli þeirra stefnt í beinan voða og framtíðarstarfsemi þeirra teflt í mikla tvísýnu.

Stöðvun á millilandaflugi hinna íslenzku flugfélaga, sem halda uppi umfangsmiklum flutningum farþega á erlendum flugleiðum, mundi nú er þúsundum erlendra ferðamanna hefur verið heitið fari með flugvélum félaga þessara, verða félögunum óbætanlegur álitshnekkir og íslenzku þjóðinni allri til vansæmdar og mundi taka langan tíma að endurheimta traust það á alþjóðavettvangi, sem íslenzk flugfélög hafa aflað sér, með löngu og happadrljúgu starfi.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir stöðvun áætlunarflugs í millilandaflugi á vegum íslenzku flugfélaganna, með því að tryggja flugvélum, sem í slíkum ferðum eru, hindrunarlausa umferð og afgreiðslu á flugvöllum hér á landi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Óheimilt skal að stöðva eða hindra á nokkurn hátt afgreiðslu eldsneytis til þeirra flugvéla íslenzku flugfélaganna, sem eru í áætlunar- eða leiguflugi milli landa, svo skal og óheimilt að stöðva eða torvela aðra starfsemi viðkomandi millilandaflugi, á íslenskum flugvöllum eða á annan hátt.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við, samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Akureyri, 6. júní 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.